



8. október 2024

Tilv.: 2409130

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysliverðs (vísitala neysliverðs án húsnæðis), 4. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. september sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysliverðs nr. 12/1995 með síðari breytingum (vísitala neysliverðs án húsnæðis), 4. mál á 155. löggjafarþingi.

Frumvarp það er hér um ræðir er efnislega óbreytt frá þeim frumvörpum sem lögð voru fram á 154. löggjafarþingi (137. mál), 153. löggjafarþingi (20. mál) og 152. löggjafarþingi (279. mál), en Seðlabanki Íslands veitti umsagnir um þau frumvörp, dags. 7. mars 2024, 6. desember 2022 og 24. mars 2022. Umsögnunum fylgdu jafnframt umsagnir Seðlabanka Íslands í gegnum tíðina um sams konar eða keimlík mál þar sem afstaða Seðlabankans til húsnæðisliðar vísitölu neysliverðs er tíunduð með vísan til ítarefnis í þeim efnunum. Hvað varðar þá tillögu að sleppa húsnæðisliðnum við útreikning vísitölu neysliverðs er afstaða Seðlabankans óbreytt frá framangreindum umsögnum og vísast því til þeirra umsagna, ásamt fylgigögnum, hvað varðar sjónarmið Seðlabanka Íslands gagnvart því frumvarpi sem nú er óskað umsagnar um.

Sérstaklega er áréttað, líkt og í fyrri umsögnum, að vísitölu neysliverðs er eðli máls samkvæmt ætlað að mæla og gefa rétta mynd af þróun á verðlagi einkaneyslu. Kostnaður heimila vegna eigin húsnæðis og húsaleigu er stór hluti af útgjöldum þeirra og mikilvægt er að grunnur vísitölu neysliverðs endurspegli útgjöld heimila. Jafnframt er áréttað að ekki fæst séð hvernig tillagan geti samrýmst sjálfstæði Hagstofu Íslands til hagamælinga og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í þeim efnunum.

Í þessu samhengi er þó rétt að nefna að í júní sl. gerði Hagstofa Íslands breytingar á aðferð við útreikning á reiknaðri húsaleigu í vísitölu neysliverðs, en með betri gögnum um húsaleigu sköpuðust forsendur til þess að taka upp aðferð húsaleiguígildis. Að mati Hagstofunnar endurspeglar sú aðferð betur tilgang mælingarinnar.

Með vísan til framangreinds, þ.m.t. þeirra sjónarmiða og ítarefnis sem Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri í fyrri umsögnum sínum, leggst Seðlabanki Íslands eindregið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
framkvæmdastjóri
hagfræði og peningastefna

Fylgiskjöl:

- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 24. mars 2022 (152. löggjafarþing, 279. mál), ásamt fylgiskjölum.
- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 6. desember 2022 (153. löggjafarþing, 20. mál).

